



Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Hönnunar- og markaðsbraut

Höfundar:

Ásdís Jóelsdóttir og Tinna Ösp Arnardóttir

Unnið á tímabilinu, haust 2009 - vor 2011 með styrkveitingu úr Sprotasjóði



Efnisyfirlit

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs	3
Markmið verkefnis samkvæmt umsókn	3
Leiðir sem valdar voru til að ná markmiðum	4
Frávik/staða verkefnis	4
Staða verkefnis samkvæmt fylgigögnum	5
Helsti ávinningur	6
Niðurstöður verkefnis	6
Kynning á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum	7
Hönnunar- og markaðsbraut - rekstraráætlun	8
Ný námsbraut	10
1. Inngangur:	10
2. Skipulag	10
3. Inntökuskilyrði eru að hafa lokið grunnskólaprófi	11
4. Nám, kennsla og námsmat	11
5. Grunnstoðir og lykilhæfni	12
6. Lykilhæfni:	13
Fylgiskjal 1	15
Hönnunar-, viðskipta- og iðn- og verkgreinar í boði á þrepi 1 – 1. eða 2. önn	15
Fylgiskjal 2	20
Hönnunar-, viðskipta- og iðn- og verkgreinar í boði á þrepi 3 – 5. eða 6. önn	20
Fylgiskjal 3	25
Hönnunar- og markaðsbraut til stúdentsprófs 140 ein.	25
Fylgiskjal 4	27
HÖN 103 – Hönnun í atvinnulífinu þrepi 2 – 4. önn	27
Fylgiskjal 5	31
HÖN 203 – Nýsköpun þrepi 3 – 5. eða 6. önn	31
Fylgiskjal 6	35
VOH 306 – Lokaáfangi viðskipta og hönnunar þrepi 4 – 8. önn	35
Fylgiskjal 7	39
Lokamarkmið Hönnunar- og markaðsbrautar	39



Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Nafn skóla: Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Nafn verkefnis: Hönnunar- og markaðsbraut

Nafn verkefnisstjóra: Ásdís Jóelsdóttir

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Með brautinni er einnig verið að svara kröfum samfélagsins um mikilvægi nýsköpunar og fjármála- og markaðslæsi sem m.a. árangursrík samvinna vöruhönnunarsviðs Listaháskóla Íslands og viðskiptasvið Háskólans í Reykjavík hefur sýnt fram á. Einnig hafa fleiri stofnanir stuðlað að þróun náms og atvinnugreina s.s. Imprá, Hönnunarmiðstöðin, Hönnunarsafnið í Garðabæ, Toppstöðin og margskonar frumkvöðla- og hugmyndasmiðjur. Námsframboð á framhalds- og háskólastigi þarf því að taka mið af auknum áherslum á sviði hönnunar- og markaðsgreina.

Markmiðið er einnig að samnýta námsgreinar sem fyrir eru í námsframboði skólans. Meginmarkmiðið með Hönnunar- og markaðsbrautinni er því að nýta það nám sem fyrir er í skólanum en allflestir áfangar á brautinni eru þegar til staðar í námsframboði skólans. Frekar er hér um nýja nálgun að ræða þ.e. á námi sem þegar er til staðar auk þess sem verið er að nýta mikilvæga reynslu sem skólinn hefur aflað sér á sviði hönnunar- og markaðsgreina.

Markmiðið með Hönnunar- og markaðsbrautinni er að undirbúa nemendur undir áframhaldandi nám og störf við hinar fjölbreyttu greinar hönnunar í áframhaldandi námi og í atvinnulífinu. Annars vegar með verklegri þjálfun er varðar þátt nýsköpunar í hönnun og hins vegar bóklegri þjálfun er varðar lögmál markaðarins. Mikil tenging er milli þess að skapa og stunda hönnun og að koma hugmynd á vöru eða tilbúinni vöru á framfæri, annaðhvort í samvinnu við fyrirtæki eða rekstur eigin fyrirtækis. Í náminu er lögð áhersla á góða tengingu við atvinnulífið s.s. stofnanir og fyrirtæki sem tengjast hönnun.

Við hönnun brautarinnar var tekið mið af þeim hugmyndum sem komu fram í nýjum framhaldsskólalögum. *Samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 færast ábyrgð á námskráargerð í auknum mæli til framhaldsskólanna. Þeim er nú falið að gera tillögur um fyrirkomulag, samhengi og inntak náms í samræmi við viðmið, sniðmát og reglur um gerð námsbrautarlýsinga. Með þessu er framhaldsskólum gefið aukið umboð til að byggja upp nám sem tekur mið af sérstöðu skóla, þörfum nemenda, nærsamfélags og atvinnulífs. Þetta skipulag á jafnframt að veita skólum svigrúm til að bregðast markvisst við breyttum þörfum nemenda, breytingum í samfélagi og atvinnulífi, niðurstöðum rannsókna og gæðaeftirlits.*



Einnig má vísa til eftirfarandi á heimasíðu mennta- og menningarmálaráðuneytisins um nýja menntastefnu:

Ný lög kalla á þróunar- og hugmyndavinnu úti í skólunum í góðri samvinnu við atvinnulífið og skólastigin fyrir ofan eða neðan. Gert er ráð fyrir að skólar geti fengið leyfi til að tilraunakenna nýjar námsbrautir þar til verklagsreglur um vottun og útgáfu námsbrauta hafa verið samþykktar en þær eru nú í þróun innan ráðuneytisins. Þær þurfa þó að byggja á nýjum áherslum ráðuneytisins um hæfni nemenda að loknu námi og að uppbygging námsbrauta tengist hæfniprepum framhaldsskólans.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiðum

Á Hönnunar- og markaðsbrautinni er lögð áhersla á að skapa jafnvægi í námsframboði hönnunar- og markaðsgreina í samræmi við þekkingarsvið greinanna. Innihaldið er sett fram með ákveðnum rökum um sérhæfingu og tengingu við atvinnulíf og framhaldsnám. Í lokaverkefni á þriðja ári fá nemendur að spreyta sig á verkefni þar sem nýsköpun, hönnun og markaðsleg færni ná saman.

Þegar hefur verið unnið markvisst að uppbyggingu námsins á Hönnunar- og markaðsbrautinni eins og fram kemur í upptalningunni hér að neðan:

- Hugmyndavinna, innihald og uppsetning brautar
- Rökstuðningur fyrir tilvist brautar
- Lokamarkmið brautar
- Þrepaskipting námsins
- Lærdómsviðmið brautar eftir þrepum
- Rýnihópar nemenda í markaðs- og viðskiptafræðum og fata- og textílhönnun
- Lærdómsviðmið áfanga eftir þrepum
- Samvinna við fyrirtæki og stofnanir í tengslum við starfskynningar
- Kynning á braut – glærusýning o.fl. í skólum og í fyrirtækjum og stofnunum
- Kynning í helstu grunnskólum í nágrenni skólans
- Kynningarbæklingur (áfram í vinnslu)

Frávik/staða verkefnis

Staðfest hefur verið að kennsla hefjist á brautinni haustið 2011. Sökum þess hve langan tíma tók að fá svör frá ráðuneytinu var ekki unnt að innrita á brautina fyrir síðastliðið haust (2010) með hefðbundnum hætti. Einnig reyndist ekki mögulegt að byrja síðastliðið haust (2010) að innrita nemendur þar sem skólinn var í almennri endurskoðun í tengslum við nýja námskrá og nýjan stjórnanda. Höfðu fyrrnefndir þættir áhrif og tafði vinnslu við frágang brautarinnar .



Mikill áhugi er fyrir Hönnunar- og markaðsbrautinni meðal nemenda, samkennara og stjórnenda skólans auk skólasamfélagsins í heild sinni. Hvarvetna er þessari nýju og áhugaverðu nálgun vel tekið. Brautin hefur verið kynnt á fjölbreyttan hátt m.a. í grunnskólum og nemendum FG á vorönn 2011. Innritun hefur þegar hafist.

Ákveðið hefur verið að brautin spanni fjögur ár á fjórum þrepum. Kennt verður samkvæmt eldra kerfi er varðar áfangaskipan og munum við fylgja því eftir í nýjum og breyttum áföngum. Breytingar yfir í nýtt kerfi taka mið af áætlun skólanum um að nýju kerfi verði komið á 2012.

Nú þegar hefur verið byrjað á nýrri nálgun í áföngunum *Hönnun í atvinnulífinu* og *Frumkvöðlafræði* þar sem unnið er náið í samstarfi við fjölmörg fyrirtæki og stofnanir sem m.a. tóku að sér nemendur í starfskynningar. Árangur nemenda er tengjast þessum áföngum hefur verið mjög góður.

Staða verkefnis samkvæmt fylgigögnum

Hönnunar- og markaðsbrautin er tilbúin samkvæmt upptalningu hér að neðan:

- Uppsetning samkvæmt formi menntamálaráðuneytis
- Lærdómsviðmið brautar á fjórum þrepum, uppsetning miðuð við fjögur ár samkvæmt viðmiðum skólans
- Brautin samkvæmt uppsetningu Fjölbrautaskólans í Garðabæ
- Áfangalýsingar nýrra og breyttra áfanga
- Lokamarkmið nýrra og breyttra áfanga
- Tillaga að námsgögnum nýrra og breyttra áfanga
- Tillaga að námsmati nýrra og breyttra áfanga
- Lokamarkmið brautar
- Röksemdir fyrir tilvist og tímasetningu brautar

Þegar hefur verið mynduð góð tengsl við fyrirtæki og stofnanir m.a. með áföngunum *Hönnun í atvinnulífinu* og í *Frumkvöðlafræði*.

Skólinn hefur þegar fengið leyfi til að hefja kennslu á brautinni haustið 2011.

Væntanleg vinna framundan:

- Áframhaldandi kynning á Hönnunar- og markaðsbraut
- Innritun og kennsla
- Kennsla nýrra áfanga
- Þróun náms- og kennslugagna
- Þróun á námsmati



Helsti ávinningur

Við hönnun brautarinnar var tekið mið af þeim hugmyndum sem fram komu í nýju framhaldsskólalögnum eins og áður hefur komið fram hér að framan. Með náminu er einnig verið að opna fyrir þann möguleika að nemendur með hönnunar- iðn- eða verklegt nám frá öðrum skólum geti fengið nám sitt metið á Hönnunar- og markaðsbrautinni.

Með Hönnunar- og markaðsbrautinni er skólinn að koma til móts við auknar kröfur um samvinnu hönnunar- og viðskiptalífisins bæði er varðar nám og störf. Áhersla er lögð á góða tengingu við atvinnulífið og framhaldsnám m.a. með vinnustaðaheimsóknum, vettvangsferðum, gestafyrirlesurum, starfskynningum, samkeppnum, sýningum o.fl.

Mikill áhugi hefur verið hjá nemendum í fata-, textíl- og vöruhönnunarnámi skólans að velja frumkvöðla- og markaðsfræði áfanga sem skólinn býður upp á. Fjölbreytni og innihald námsins er mikil og lögð er áhersla á þverfaglegt nám þar sem nýsköpun, hönnun og markaðsleg færni ná saman.

Markmiðið var að sameina þessi tvö áhugasvið, hönnunar- og markaðsfræði með því að bjóða upp á vel ígrundað stúdentspróf af Hönnunar- og markaðsbraut og hefur því verið einstaklega vel tekið. Nærsamfélagið hefur tekið náminu einstaklega vel, mikill velvilji og góð samvinna er við bæjarfélagið, nýtilkomið Hönnunarsafn Íslands og fjölmörg hönnunarfyritæki. Einnig hefur skólinn verið virkur þátttakandi í Listadögum Garðabæjar.

Niðurstöður verkefnis

Niðurstöðurnar eru einu ári á eftir áætlun. Vegna þess hve langan tíma tók að fá svör frá menntamálaráðuneytinu var ekki unnt að innrita á brautina síðastliðið haust (2010) með hefðbundnum hætti og eins og gert var ráð fyrir í áætlunum okkar. Einnig reyndist ekki mögulegt að byrja síðastliðið haust (2010) að innrita nemendur þar sem skólinn var í almennri endurskoðun í tengslum við nýja námskrá og nýjan stjórnanda. Annars hefur vinnan gengið samkvæmt áætlun og byrjað er að innrita á brautina og hefst kennsla á næsta skólaári (2011-2012).

Hér að neðan er yfirlit yfir þau fylgigögn sem unnin hafa verið í tengslum við framkvæmd Hönnunar- og markaðsbrautar. En uppsetning brautar og áfanga hafa verið gerð samkvæmt formi mennta- og menningarmálaráðuneytis:

1. Uppsetning námsbrautar, ný námsbraut (sett upp samkvæmt formi menntamálaráðuneytisins)
2. Lærdómsviðið brautar á fjórum þrepum, uppsetning miðuð við fjögur ár og samkvæmt viðmiðum skólans
3. Brautin samkvæmt uppsetningu Fjölbrautaskólans í Garðabæ, ásamt viðmiðunarramma fyrir áfanga í bundnu vali
4. Áfangalýsingar nýrra og breyttra áfanga
5. Lokamarkmið nýrra og breyttra áfanga
6. Tillaga að námsgögnum nýrra og breyttra áfanga



7. Tillaga að námsmati nýrra og breyttra áfanga
8. Lokamarkmið brautar
9. Röksemdir fyrir tilvist og tímasetningu brautar innihald og þrepaskiptingu. ásamt lokamarkmiðum hefur verið mótað.

Þegar hefur verið mynduð góð tengsl við fyrirtæki og stofnanir m.a. með áföngunum *Hönnun í atvinnulífinu* og *Frumkvöðlafræði*.

Styrkur frá Sprotasjóði hefur gert okkur kleift og skólanum að vinna við, þróa og stofnsetja Hönnunar- og markaðsbrautina.

Kynning á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Hönnunar- og markaðsbrautin hefur verið kynnt með ýmsu móti sem mun halda áfram með markvissum hætti næstu tvö árin m.a. með því að búa til kynningarbækling sem er þó í vinnslu.

Eftirfarandi kynningar hafa farið fram:

- Kynning fyrir samstarfsskóla Fjölbrautaskólans í Garðabæ í námskrárvinnu sem eru Flensborgarskólinn í Hafnarfirði og Menntaskólinn á Egilsstöðum
- Kynning meðal skóla og samstarfsaðila s.s. Iðnskólinn í Hafnarfirði, Listaháskóli Íslands, Nýsköpunarmiðstöð, Toppstöðin og Hönnunarsafn Íslands.
- Kynning hjá ýmsum hönnunarfyrirtækjum og stofnunum vegna starfskynninga nemenda í Hönnun í atvinnulífinu og frumkvöðlafræði
- Kynning fyrir stjórnendur og starfsmenn Fjölbrautaskólans í Garðabæ
- Kynning meðal nemenda í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ
- Kynning á Opnu húsi Fjölbrautaskólans í Garðabæ
- Kynning í grunnskólum í nágrennasveitarfélögum
- Umfjöllun hefur átt sér stað í fjölmiðlum og á eftir að verða kynnt þar betur
- Kynning á Málþingi um námskráargerð í framhaldsskólum

Hönnunar- og markaðsbraut - rekstraráætlun

Vinna við uppsetningu brautar 1. ág. 2009 – 1. Jan. 2010 (tímar miðað við vinnu einstaklings)

- | | |
|--|------------------|
| ▪ Hugmyndavinna | 20 tímar |
| ▪ Gerð námsbrautar | 50 tímar |
| – Uppsetning | |
| – Áfangar | |
| – Umsókn til menntamálaráðuneytis | |
| – Rökstuðningur fyrir braut | |
| – Lokamarkmið | |
| – Þrepaskipting | |
| – Skipulag vegna samstarfsaðila | |
| ▪ Gerð bæklinga | 15 tímar |
| – Gangavinnsla | |
| – uppsetning | |
| – Myndataka | |
| ▪ Unnið í samstarfi við fyrirtæki | 6 tímar |
| ▪ Rýnihópur | 2 tímar |
| ▪ Fundir | 7,5 tímar |
| – Impra | |
| – Hönnunarsafnið | |
| – Toppstöðin | |

Samtals = 100,5 tímar/á einstakling

Vinna við Hönnunar- og markaðsbraut frá 1. jan. 2010 – 1. júní 2010 (tímar miðað við vinnu einstaklings)

- | | |
|--|-----------------|
| ▪ Umsókn til ráðneytis | 10 tímar |
| ▪ Lokið við gerð námsbrautar | 20 tímar |
| – Rökstuðningur fyrir tilvist brautar | |
| – Lokamarkmið | |
| – Þrepaskipting | |
| – Skipulag vegna samstarfsaðila | |
| ▪ Lærdómsviðmið brautar eftir þrepum | 50 tímar |
| ▪ Gerð bæklinga | 7 tímar |
| ▪ Samstarf við fyrirtæki og stofnanir | 10 tímar |



-
- | | |
|--------------------------|------------------|
| ▪ Fundir | 7,5 tímar |
| – Kynning í grunnskólum | |
| – Kynning samstarfsskóla | |

Samtals = 104,5 tímar/á einstakling

Vinna við Hönnunar- og markaðsbraut frá 1. sept. 2010 – 1. júní 2011 (tímar miðað við vinnu einstaklings)

- | | |
|---------------------------------------|----------|
| ▪ Frágangur fyrir ráðuneyti | 10 tímar |
| ▪ Frágangur fyrir skóla | 20 tímar |
| ▪ Lokið við gerð námsbrautar | 25 tímar |
| ▪ Samstarf við fyrirtæki og stofnanir | 10 tímar |

Samtals = 75 tímar/á einstakling

Garðabær 20. maí 2011

Verkefnisstjóri

Skólastjóri

Ásdís Jóelsdóttir

Kristinn Þorsteinsson

Ný námsbraut

Hönnunar- og markaðsbraut til stúdentsprófs 140 ein.

1. Inngangur:

Markmiðið með náminu er að undirbúa nemendur undir áframhaldandi nám og störf við hinar fjölbreyttu greinar hönnunar í atvinnulífinu. Annars vegar með verklegri þjálfun með áherslu á þátt nýsköpunar í hönnun og hins vegar með bóklegri þjálfun er varðar lögmál markaðarins. Í náminu er lögð áhersla á góða tengingu við atvinnulífið. Náminu lýkur með stúdentsprófi.

Mikil tenging er milli þess að skapa og stunda hönnun og að koma hugmynd á vöru eða tilbúinni vöru á framfæri, annaðhvort í samvinnu við fyrirtæki eða rekstur eigin fyrirtækis. Með brautinni er einnig verið að svara kröfum samfélagsins um mikilvægi nýsköpunar og fjármála- og markaðslæsi sem m.a. árangursrík samvinna vöruhönnunarsviðs Listaháskóla Íslands og viðskiptasvið Háskólans í Reykjavík hefur sýnt fram á. Einnig hafa fleiri stofnanir stuðlað að þróun náms og atvinnugreina s.s. Imprá, Hönnunarmiðstöðin, Hönnunarsafnið í Garðabæ, Toppstöðin og margskonar frumkvöðla- og hugmyndasmiðjur. Námsframboð á framhalds- og háskólastigi þarf því að taka mið af auknum áherslum á sviði hönnunar og markaðsgreina. Með brautinni er gert ráð fyrir mikilli samvinnu við fyrirtæki og stofnanir í tengslum við raunhæf verkefni, fyrirlestra, samkeppnir, þróunarvinnu, starfskynningar, sýningar, vettvangsferðir, ráðgjöf o.fl.

Meginmarkmiðið með Hönnunar- og markaðsbrautinni er að nýta það nám sem fyrir er í skólanum en allflestir áfangar á brautinni eru þegar til staðar í námsframboði skólans. Sjá lokamarkmið brauta á fylgiskjali 7.

2. Skipulag

Brautin er fjögurra ára braut með 140 einingum og lýkur með stúdentsprófi. Námið er á fyrsta, öðru, þriðja og einn áfangi á fjórða þrepi.

- 110 einingar í kjarna
- 15 einingar eru bundið val (hönnunar-, iðn-, viðskipta- og verkgreinar)
- 9 einingar frjálst val (hönnunar-, iðn-, viðskipta- og verkgreinar)
- 6 einingar í val

Sjá hæfniprep brautar á fylgiskjöllum 1 og 2.

- a. Staða nemenda að loknu námi er stúdentspróf af Hönnunar- og markaðsbraut, sem undirbýr nemendur undir hinar fjölbreyttu greinar hönnunar og viðskipta í framhaldsnámi og í atvinnulífinu.

3. Inntökuskilyrði eru að hafa lokið grunnskólaprófi.

- a. Undanfarar fyrir áfanga á hverju þrepi og fyrir nýja og breytta áfanga má sjá á fylgiskjöllum 1 og 2 fyrir Lærdómsviðmið brautar og einnig fylgiskjöllum 4-6 fyrir áfangalýsingar, hæfniprep og tillögur að námsgögnum og námsmati á HÖN 103, HÖN 203, VOH 306.

4. Nám, kennsla og námsmat

- a. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ hefur til margra ára boðið upp nám í hönnunar- og verkgreinum og viðskipta- og markaðsfræði og skapað sér jákvæða ímynd og viðurkenningu á fyrrnefndum sviðum. Skólinn býr því yfir aðstöðu og mikilvægri reynslu, frekar er hér því um nýja nálgun að ræða þ.e. á námi sem þegar er til staðar auk þess sem verið er að nýta mikilvæga reynslu sem skólinn hefur aflað sér á sviði hönnunar og markaðsgreina. Þannig að ekki er þörf fyrir mikil fjárútlát.
- b. Fjölbreytileiki námsins er mikill, meðal áfanga sem kenndir verða fyrir utan hinn hefðbundna stúdentskjarna í íslensku, stærðfræði og ensku (sjá brautarlýsingu) eru: hönnunarsaga, hönnun í atvinnulífinu, markaðsfræði, frumkvöðlafræði, nýsköpun, margmiðlun, listir og menning, ýmsir hönnunar og verkgreinaáfangar, tungumál, félagsgreinar o.fl. Við hönnun brautarinnar er tekið mið af þeim hugmyndum sem koma fram í nýjum framhaldsskólalögum s.s. vægi greina og niðurröðun námsins og eigin vinnuframlagi nemenda. Lögð er áhersla á að skapa jafnvægi í námsframboði hönnunar- og markaðsgreina í samræmi við þekkingarsvið greinanna. Innihaldið er sett fram með ákveðnum rökum um sérhæfingu og tengingu við atvinnulíf og framhaldsnám. Að hluta til með aukningu á eigin vinnuframlagi nemenda undir verkstjórn kennara. Hér eru nýju framhaldsskólalögin einnig höfð til viðmiðunar. Í lokaverkefni á þriðja ári fá nemendur að spreyta sig á verkefni þar sem nýsköpun, hönnun og markaðsleg færni ná saman.
- c. Meginmarkmiðið með Hönnunar- og markaðsbrautinni er sem sagt að nýta það nám sem fyrir er í skólanum en allflestir áfanga á brautinni eru þegar til staðar í námsframboði skólans. Þannig að ekki er þörf fyrir mikil fjárútlát. Þrjú áfangar verða sérstaklega mótaðir að kennslu á brautinni HÖN 103 Hönnun í atvinnulífinu sem hét áður THL 183, HÖN 203 Nýsköpun sem er nýr áfangi, sjá áfangalýsingu og áfangamarkmið. VOH 306 Viðskipti og hönnun er nýr áfangi en er að mestu byggður á verkstjórn kennara og sjálfstæðri vinnu nemenda. Sjá einnig fylgiskjöl 4-6 á áfangalýsingu, áfangamarkmiðum, hæfniprepum ásamt tillögum að námsgögnum og námsmati.
- d. Námsmat er miðað við fjölbreytileika námsins s.s. skrifleg próf, munnleg próf, verkefnavinna, símat. Lögð er áhersla á að kennsluáferðir séu fjölbreyttar s.s. samvinnunám, leitarnám, fyrirlestrar, umræður, vettvangsferðir og umsagnir o.fl. Sérstök áhersla verður á sjálfstæð vinnubrögð og gagnrýna nálgun.

Staðið verður að þróun námsgagna í formi kennslu- og verkefnahefta og skýrslugerðar vegna undirbúnings og skipulags á starfskynningum, raunhæfum verkefnum, samkeppnum, sýningum og fleira sem viðkemur innihaldi og umfangi námsins. Þróuð verða námsgögn í tengslum við nýja og þverfaglega áfanga með það að markmiði að nemendur öðlist þekkingu og þrói með sér læsi varðandi hugmyndavinnu, vöruþróun, vinnuáætlanir, viðskipta- og markaðsáætlanir, uppsetningu og frágangs verkefna í formi hugmynda-, vinnu- og ferilsmappa o.fl. Í lokaverkefni á fjórða þrepi verður sérstök áhersla lögð á sjálfstæð vinnubrögð nemenda í formi þverfaglegs raunverkefnis í tengslum og í samvinnu við atvinnulífið. Sjá nánar í fylgiskjölum 4-6 fyrir áfangalýsingar, hæfniprep og tillögur að námsgögnum og námsmati í áföngunum HÖN 103, HÖN 203, VOH 306.

5. Grunnstoðir og lykilhæfni

Læsi: Allir áfangar brautarinnar byggja á læsi. Íslenskuáfangar þjálfu sérstaklega lestur og skilning á íslenskrri tungu. Þar eru lesnar bókmenntir, ritun þjálfuð ásamt tjáningu. Aðrir áfangar vinna einnig með íslenskuna í sinni fjölbreyttustu mynd. Samfélagsfræðiáfangar eru með sérstakri áherslu á læsi á íslenskt samfélag og önnur samfélög, með mikilli áherslu á gagnrýna hugsun.

Læsi á tölur og fjármál eru einnig mikilvæg, þeir áfangar sem einbeita sér að þessum þáttum eru stærðfræðiáfangar, hagfræði og fjármálafræði. Læsi á umhverfi sitt, náttúru og náttúruvernd er tekið sérstaklega fyrir í raungreinaáföngum, þar er einnig tekið fyrir áhersla á læsi á eigin líðan og heilbrigði. Heilbrigði er einnig áhersla í íþróttum. Læsi á erlendum tungumálum er mikilvægt fyrir litla þjóð. Sérstök áhersla er á ensku og annað tungumál en val verður á milli dönsku, þýsku, frönsku eða spænsku. Einnig að nemendur séu læsir á hönnunar- og markaðsgreinar bæði í gegnum verkefni og samvinnu við atvinnulífið.

Sjálfbærni: Þar er lögð áhersla á virðingu og umgengni við umhverfið með komandi kynslóðir í huga. Slíkar áherslur eru í öllum áföngum brautarinnar t.d. í umhverfis- og samfélagsfræðum sem og í fjármála- og markaðsfræðum. Í hönnunargreinum kemur það helst fram í umhverfisvænum aðferðum, hráefni, endurnýtingu og förgun sem mikilvægum hluta af samfélagslegri þátttöku.

Lýðræði og mannréttindi: Allir áfangar brautarinnar eiga að stuðla að virkara lýðræði og mannréttindum. Þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum þar sem tekið er tillit til ólíkra hópa samfélagsins eru hluti af öllum áföngum brautarinnar.

Jafnrétti: Allir áfangar brautarinnar eiga að byggja á jafnrétti. Jafnrétti sem skilgreint þannig að allir eigi rétt á því þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi. Allir hafi rétt á því að stunda nám á eigin forsendum óháð kyni, trúarbrögðum, þjóðerni, kynþætti, kynhneigð, litarhætti, tungumáli, búsetu, fötlun, aldri og þjóðerni.

Sköpun: Sköpun er partur að öllu námi. Lögð er áhersla á þverfaglega nálgun í skapandi greinum bæði í bóknámi og verknámi með það að markmiði að nemendur öðlist þekkingu og

Þrói með sér læsi og sjálfstæð vinnubrögð varðandi hugmyndavinnu, vöruþróun, vinnuáætlanir, viðskipta- og markaðsáætlanir, uppsetningu og frágang verkefna í formi hugmynda-, vinnu- og ferilsmappa og verkefna í samvinnu við atvinnulífið. Einnig verður lögð áhersla á að nemendur taki þátt í samkeppnum og sýningum.

6. Lykilhæfni:

1. Læsi, tjáning og samskipti á íslensku:

- Í íslenskuáföngum.
- Öllum öðrum bóklegum og verklegum fögum t.d hönnunar-, iðn- og verkgreinum sem og í samfélags- viðskipta- og raungreinum.

2. Læsi, tjáning og samskipti á erlendum tungumálum:

- Enska kennd ásamt öðru (dönsku) og þriðja tungumáli sem verður val nemenda á þýsku, frönsku eða spænsku.
- Enska er notuð í mörgum greinum sem kenndar eru innan skólans m.a. í hönnunar- og viðskiptagreinum.

3. Læsi, tjáning og samskipti um tölur og upplýsingar:

- Þrír stærðfræðiáfangar með áherslu á tölfræði og líkindareikning.
- Fjármálalæsi, með áherslu á daglegt líf.
- Markaðs- og hagfræði, sem læsi á markað og hagkerfi heimsins.
- Jarðfræði, umhverfisfræði og líffræði.
- Samfélagsgreinar.
- Hönnunargreinar og saga, læsi á hönnun og tengingu við sögulega þætti.

4. Námstækni:

- Skólaleikni mun snúast um námstækni.
- Allir aðrir áfangar brautarinnar.

5. Skapandi hugsun og hagnýting þekkingar:

- Allir áfangar hafa það að leiðarljósi að stuðla að skaðandi hugsun og kemur það helst fram í hönnunar- og verkgreinum.

6. Heilbrigði:

- Íþróttaáfangar.
- Líffræði og aðrar raungreinar.
- Samfélagsgreinar.
- Hönnunar- og verkgreinar.
- Viðskiptagreinar.

7. Lýðræði og mannréttindi:

- Allir áfangar brautarinnar.

8. Jafnrétti:

- Allir áfangar brautarinnar.

9. Menntun til sjálfbærni:

a) Allir áfangar brautarinnar.

1. Lærdómsviðmið námsbrautar samkvæmt þrepum

- Fylgiskjal 1 – Lærdómsviðmið brautar á 1. og 2. þrepi og hæfniprep
- Fylgiskjal 2 – Lærdómsviðmið brautar á 3. og 4. þrepi og hæfniprep

2. Brautarlýsing kjarni, kjörsvið, bundið val og frjálst val

- Fylgiskjal 3 – Hönnunar- og markaðsbraut, sjá einnig undir námsbrautir á www.fg.is

3. Áfangalýsingar á nýjum og breyttum áföngum og hæfniprep hvers áfanga.

- Fylgiskjal 4 – Hönnun í atvinnulífínu HÖN 103, breyttur áfangi frá THL 183.
- Fylgiskjal 5 – Nýsköpun HÖN 203, nýr áfangi.
- Fylgiskjal 6 – Lokaáfangi VOH 306, nýr áfangi (er á fjórða þrepi).



Fylgiskjal 1

Hönnunar-, viðskipta- og iðn- og verkgreinar í boði á þrepi 1 – 1. eða 2. önn

LIM 103 - enginn undanfari

Bundið val/frjálst val - enginn undanfari

Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

Afla:

- Hafi aflað sér þekkingar með fjölbreyttri upplýsingaöflun á bæði verk- sem og bóklegum sviðum.
- Hafi aflað sér grunnþekkingar í aðferðum og þjálfun í verklegum greinum.
- Sé fær um að taka sjálfstæða ákvörðun varðandi verkefnaval.
- Hafi þjálfast í sjálfstæðum, faglegum og skapandi vinnubrögðum á verklegum sviðum.
- Geti útfært eigin hugmynd og fylgt eftir þróun verk frá upphafi til enda.

Greina:

- Geti greint meginstraumum í íslenskri og erlendri menningarsögu.
- Geti greint verkþætti hönnunar, iðn- og verkgreina.
- Geti skipulagt vinnuferli á raunhæfan hátt miðað við tíma, tilgang og hráefni.

Miðla:

- Geti upplifað og miðlað þekkingu í gegnum samræður og þátttöku í kynningum og sýningu jafnt bóklegt sem og verklegt.

Leikni/færni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

Afla:

- Hafi öðlast grunnþjálfun í verklagni og aðferðum í hönnunar-, iðn- og verklegum greinum.
- Geta á sjálfstæðan hátt unnið í hóp eftir verkskiptri áætlun.
- Sé fær um að skilgreina forsendur og þörf og afla upplýsinga.
- Geti hugleitt útlit, notagildi, öryggi og áreiðanleik.

Greina:

- Geti greint verkþætti, unnið undir leiðsögn og skipulagt vinnuferli.
- Geti beitt vinnubrögðum og verkfærum og beitt þeim við útfærslu og framsetningu verka sinna.
- Geti unnið hugmynd á skipulagðan hátt yfir í lokaafurð.
- Geti sett fram vinnuáætlun og greint verkþætti.



Miðla:

- Geti tekið þátt í og skipulagt vinnu í frjálsu hópstarfi.
- Geti ígrundað eigið verk og annarra með faglegri gagnrýni.

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

Afla:

- Geti skapað eigið verk, undir leiðsögn þar sem almennum vinnubrögðum er beitt.
- Geti aflað sér upplýsinga og nýtt víðsýni sína til skilnings á eigin menningarheimi og annarra.

Greina:

- Skynji að verk hans hafi sérstöðu og sé hans eigið hugverk.
- Geti greint og tekið þátt í lista- og menningarlegum viðburðum.
- Geti greint menningarlegt gildi hönnunar í nánasta umhverfi sínu.
- Öðlist þekkingu á eðli hönnunar-, iðn- og verkgreina og geti greint, metið og valið viðeigandi lausnir.

Miðla:

- Noti og sýni sköpunarhæfni og hugmyndaauðgi í verkum sínum.
- Geti sagt frá hugmyndum og verklegum bakgrunni verka sinna.
- Hafi frumkvæði til að geta tjáð hugmyndir og skoðanir í tengslum við eigin verk og annarra á uppbyggilegan hátt.
- Geti komið vinnu sinni á framfæri í formi kynninga eða sýninga.
- Sé fær um að rýna í eigið verk og rökstyðja niðurstöður bæði munnlega og skriflega.



Hönnunar-, viðskipta- og iðn- og verkgreinar í boði á þrepi 2 – 3. önn

HAG 103 – enginn undanfari

AHS 103 - undanfari LIM 103

Bundið val/frjálst val - undanfari

Hönnunar-, viðskipta og iðn- og verkgreinar í boði á þrepi 2 – 4. önn

VIÐ 113 (VIÐ 103 stjórnun) – enginn undanfari

HÖN 103 - undanfari AHS 103 + bundið val/frjálst val

AHS 203 - undanfari AHS 103

Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

Afla:

- Hafi fengið yfirsýn yfir fyrirtæki, menntun, stofnanir, lög og reglugerðir, réttindi og skyldur sem heyra undir hönnunar- og markaðsgreinar.
- Þekki og skilji hvernig atriði eins og staðhættir, náttúruauðlindir, efnahagur, tæknistaða og stjórnarfar geta mótað möguleika manna til menningarlegrar tjáningar við sköpun verka.
- Skilji hvernig hönnun, framleiðsla og markaðssetning helst í hendur.
- Þekki skipulagningu og viðburði á sviði hönnunar-, iðn- og verkgreina.
- Hafið aflað sér þekkingar á grundvallarhugtökum hagfræðinnar og grunnþáttum bókhalds.
- Hafi kynnst umhverfi og starfsgrundvelli fyrirtækja.
- Þekki þá þætti sem ráða staðarvali fyrirtækja.
- Hafi kynnst grunnhugtökum og meginviðfangsefni markaðsfræðinnar.
- Þekki helstu hugtök og hugmyndir varðandi vöru og vöruþróun.
- Hafi kynnst vinnubrögðum í markaðssetningu.

Greina:

- Geti greint, borið saman og gagnrýnt hönnun í samtímanum.
- Geti greint stöðu hönnunar með vísun í menningar- og sögulega þætti.
- Verði ljós gagnsemi hönnunar á umhverfi okkar og samtímann.
- Fengið innsýn í grundvallarreglur um rekstur fyrirtækja, sölusálfræði og markaðssetningar.
- Getir greint umhverfi fyrirtækja.
- Geti greint á milli helstu hugtaka hagfræðinnar.
- Geti greint gildi markaðsstarfs fyrir neytendur, fyrirtæki og samfélagið í heild.
- Hafi öðlast grundvöll til að tengja hönnun því menningarlega samhengi sem verkið var skapað í.



- Sé meðvitaður um náttúrulegar og menningarlegar forsendur sem stýra hönnun.
- Þekki markmið og hefðir greinarinnar í tengslum við menningu og listir.
- Kunni skil á forsendum hönnunar hvað varðar sögu og hefðir.
- Geri sér grein fyrir tæknilegum og hugmyndafræðilegum forsendum hönnunar í samtímanum.

Miðla:

- Geti nýtt og notað orðaforða greinarinnar.
- Geti fjallað um ólík listform í samhengi við hefðir, tækifæri, boðskap, nýjar stefnur og lífsstíl.
- Geti fjallað um rekstur fyrirtækja og umhverfi þeirra.
- Geti kynnt helstu viðfangsefni markaðsfræðinnar.
- Geti greint almenna og sértæka þekkingu með umræðum, flokkun og samanburði.

Leikni/færni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

Afla:

- Hafi tamið sér vandvirkni, frumkvæði, skipulag og sjálfstæð vinnubrögð.
- Geti útskýrt framboð, eftirspurn og jafnvægi á markaði.
- Geri greinamun á frumvinnslu, úrvinnslu, þjónustu og flokkun helstu atvinnugreina.
- Fengið innsýn í fjölbreytileika hönnunar-, iðn- og verkgreina í atvinnulífinu.
- Geti nýtt sér fjölbreyttar leiðir til öflunar upplýsinga.

Greina:

- Geti greint einfalda rekstrarreikninga fyrirtækja.
- Hafi yfirsýn yfir undirbúning undir frekara nám, auk þátttöku og möguleikum innan fjölbreytts starfsvettvangs hönnunar-, iðn- og verkgreina.
- Geti metið út frá færni hvaða hlutar markaðsfræðinnar henta hverju sinni.

Miðla:

- Geti kynnt niðurstöður sínar á fjölbreyttan hátt og tekið þátt í umræðum um verk sín og annarra.
- Geti kynnt eigin verk og hugmyndir skriflega sem og munnlega.
- Geti nýtt sér tölvutækni við framsetningu hugmynda sinna.
- Sýni frumkvæði í hugmyndavinnu í hóp og virðingu fyrir hugmyndum annarra.

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

Afla:

- Sé fær um að vinna í hóp og greina áhuga- og sérsvið við framkvæmd verks.
- Geti nýtt þekkingu af eigin reynslu úr atvinnulífinu til þróunar og úrvinnslu eigin verkefna.



Greina:

- Geti gert greinarmun á fjöldaframleiddri hönnun og sérstæðri handunninni.
- Geti skynjað og metið hönnun, handverk og tækninýjungar í atvinnulífinu.
- Geti borið saman rekstur fyrirtækja, dregið ályktanir og túlkað.
- Geri sér grein fyrir hvernig auka megi áhrif markaðssetningar.

Miðla:

- Geti miðlað þekkingu um einföld rekstrarform fyrirtæki.
- Geti komið vöru/þjónustu á framfæri.
- Geti gert grein fyrir forsendum eigin verka.
- Sé fær um að fjalla um og meta eigin verk og annarra á upplýstan og greinargóðan hátt.
- Geti haldið dagbók, kynnt og miðlað af reynslu úr starfskynningum og vinnustaðaheimsóknum.

Fylgiskjal 2

Hönnunar-, viðskipta- og iðn- og verkgreinar í boði á þrepi 3 – 5. eða 6. önn

VIÐ 133 (frumkvöðlafræði) - undanfari VIÐ 113, HÖN 103.

Bundið val/frjálst val - undanfari AHS 203, bundið val/frjálst val.

Val - 3 ein.

Hönnunar-, viðskipta og iðn- og verkgreinar í boði á þrepi 3 – 6. eða 7. önn

